

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2011**

2018/EES/29/05

frá 11. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum a-lið 2. mgr. 109. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Skrár yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum í samræmi við tilskipun 2009/138/EB sem skipta máli við útreikning á markaðs- og mótaðila-áhættueiningu í gjaldþolskröfu með staðalreglunni.
- 2) Ef við á, ættu héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem eru í þessum skrár að flokkast eftir tegund, að teknu tilliti til skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 85. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽²⁾.
- 3) Eftirlitsyfirvöld hafa veitt viðeigandi upplýsingar um sérstaka tekjuöflunarmöguleika og fyrirliggjandi sérstakar ráðstafanir samkvæmt landslögum í tengslum við héraðsstjórnir og staðaryfirvöld í umdæmum sínum og um að hvaða marki þær stjórnir og yfirvöld fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 109. gr. a í tilskipun 2009/138/EB.
- 4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽³⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Skrá yfir héraðsstjórnir og staðaryfirvöld**

Líta skal á eftirfarandi héraðsstjórnir og staðaryfirvöld sem aðila, en fara skal með áhættuskuldbindingar þeirra sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum sem hefur lögsögu þar sem þau eru, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 109. gr. a í tilskipun 2009/138/EB.

- 1) í Austurríki: „Land“ eða „Gemeinde“,
- 2) í Belgíu: „communaute“ eða „gemeenschap“, „région“ eða „gewest“, „province“ eða „provincie“ eða „commune“ eða „gemeente“,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

- 3) í Danmörku: „region“ eða „kommune“,
- 4) í Finnlandi: „kaupunki“ eða „stad“, „kunta“ eða „kommun“ eða „Ahvenanmaan maakunta“ eða „Landskapet Åland“,
- 5) í Frakklandi: „région“, „département“ eða „commune“,
- 6) í Þýskalandi: „Land“, „Gemeindeverband“ eða „Gemeinde“,
- 7) í Liechtenstein: „Gemeinde“,
- 8) í Litáen: „savivaldybė“,
- 9) í Lúxemborg: „commune“,
- 10) í Hollandi: „provincie“, „waterschap“ eða „gemeente“,
- 11) í Póllandi: „województwo“, „związek powiatów“, „powiat“, „związek międzygminny“, „gmina“ eða „miasto stołeczne Warszawa“,
- 12) í Portúgal: „Região Autónoma dos Açores“ eða „Região Autónoma da Madeira“,
- 13) á Spáni: „comunidad autónoma“ eða „corporación local“,
- 14) í Svíþjóð: „region“, „landsting“ eða „kommun“,
- 15) í Breska konungsríkinu: Scottish Parliament, National Assembly for Wales eða Northern Ireland Assembly.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.